



Mjóstræti



Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2013



Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2013

Ársskýrsla 2013

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2014/12

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ljósmyndir: Magnús Karel Hannesson,
Gunnlaugur Júlíusson og
Ingibjörg Hinriksdóttir.

Forsíðumynd: Kona á hjóli við Mjóstræti í Reykjavík.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Ávarp formanns



Við lestur ársskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur vel í ljós hversu víðtæk og yfirgrípsmikil starfsemi sambandsins er. Starfinu er haldið uppi af okkar hæfa starfsfólki sem leggur sig fram um að þjónusta sveitarfélög landsins sem best og að framfylgja þeirri stefnu sem landsþing og stjórn sambandsins móta. Umsagnir sveitarstjórnarfólks gefa það vel til kynna að ánægja er með starfsemi sambandsins og sérstaklega er talað um að starfsfólk sé þjónustulípur og viljugt til að leysa úr þeim málum sem upp koma.

Mikilvægur hluti þjónustunnar er að koma sem mestum og bestum upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til sveitarstjórnarfólks. Þessi skýrsla, ásamt Skólaskýrslu, Félagsþjónustuskýrslu, Árbók sveitarfélaga, tímaritinu Sveitarstjórnarmálum og vefritinu Tíðindum af vettvangi sambandsins, gegnir einmitt þessu hlutverki. Það er nauðsynlegt að fá góðar upplýsingar í rauntíma en einnig mikilvægt að hafa aðgengilegt efni til uppflettingar um liðna tíð.

Ég færi starfsfólki og stjórn sambandsins sem og öllu samstarfsfólki á sveitarstjórnarstiginu bestu þakkir fyrir samstarf liðins árs.

Halldór Halldórsson
formaður

Ávarp framkvæmdastjóra



Í þessari ársskýrslu sambandsins eru teknar saman helstu upplýsingar úr starfseminni á árinu 2013. Leitast er við að draga fram það markverðasta sem unnið hefur verið að og skýra framgang og þróun þeirra verkefna sem starfsmenn sambandsins sinntu á árinu. Í upphafi ársins var samkvæmt venju lögð fram ítarleg starfsáætlun sem unnin er af

framkvæmdastjóra og sviðsstjórum í samvinnu við aðra starfsmenn. Starfsáætlunin byggir á tveimur mikilvægum stoðum. Annars vegar á ýmsum reglubundnum verkefnum á grundvelli skilgreininga í samþykktum sambandsins og hins vegar markmiðum sem eru í gildandi stefnumörkun sambandsins hverju sinni. Meginþungi starfsins skiptist í sex þætti. Fræðslumálin, félagsþjónustan, hagsmunagæslan, m.a. vegna setningar laga- og reglugerða um starfsemi sveitarfélaga, umhverfismálin, kjaramálin, erlend samskipti og upplýsingamiðlunin, bæði á sviði fjármála og annarra viðfangsefna sveitarfélaga, mynda þessa grunnþætti. Skipurit sambandsins endurspeglar þessar áherslur og verkaskiptingu.

Að venju var mikil samvinna starfsmanna þvert á svið einkennandi í starfseminni. Flæði upplýsinga innan skipulagsheildarinnar er afar mikilvæg til að efla starfsmannahópinn og nýta þannig fjölbreyttan styrk hans til að finna bestu lausnirnar hverju sinni á þeim málum sem unnið er að. Hagsmunir sveitarfélaga í víðum skilningi eru sá undirliggjandi kraftur sem ýtir málum áfram og er uppspretta þess leiðarljóss sem lýsir veginn í starfsemi sambandsins. Þessi samheldni

starfsmanna og þau markmiðsstýrðu vinnubrögð sem ráðandi eru í starfseminni eru að mörgu leyti forsenda þeirra ánægjulegu samskipta sem starfsmennirnir eiga við stjórn sambandsins og sveitarstjórnarmenn.

Mörg þeirra verkefna sem unnið var að á árinu og lýst er í ársskýrslunni sýna að það átti sér stað stað framþróun og verkefnaþroski í starfseminni. Það er mikilvægt að bregðast vel við öllum verkefnum og málum sem berast en enn mikilvægara er að tileinka sér frumkvæði og lausarmiðaða hugsun. Hér gildir að sókn sé besta vörnin. Framsækni í starfsemi sem þessari er því afar nauðsynleg og í raun forsenda fyrir því að hún þrífst á eðlilegan hátt. Það er því von okkar sem störfum hjá sambandinu að sveitarstjórnarmenn upplifi í reynd að sambandið vinni vel í þágu þeirra og sveitarstjórnarstigsins. Það er einnig brýnt að ríkisvaldið og aðrir sem samskipti hafa við sambandið geti treyst því að hlutlægni og fagmennska ráði ferðinni.

Sú nýlunda er tekin upp í ársskýrslunni að fjalla um starfsemi Starfsmannafélags sambandsins. Á þeim vettvangi er mikilvægur jákvæður kraftur sem styrkir starfamannahópinn og leggur sitt af mörkum til að mynda þá starfsánægju sem hverjum starfsmanni er nauðsynleg og oft er talin forsenda framleiðni og framsækni á vinnustöðum.

Fyrir hönd starfsmanna sambandsins þakka ég öllum stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga fyrir ánægjuleg samskipti á árinu 2013 og vona að ársskýrsla þessi birti upplýsingar og áhugavert efni um starfsemina sem lesendur hennar kunna að meta.

*Karl Björnsson
framkvæmdastjóri*

Helstu verkefni ársins 2013

XXVII. landsþing sambandsins

XXVII. landsþing sambandsins var haldið á Grand hóteli 15. mars.

Í setningarræðu formanns sambandsins, Halldórs Halldórssonar, varð honum tíðrætt um málefni grunnskólans. Hann sagði m.a.:

Það er eindregin afstaða sambandsins að það henti ekki nútíma skólastarfi að skipulag vinnu starfsmanna sé ákveðið í smáatriðum í miðlægum kjarasamningi eins og nú er. Kjarasamningurinn á að styðja skólastarf en ekki stjórna því. [...] Breytinga er þörf og ég vil lýsa yfir ánægju með að ákveðinn samhljómur var með því sem formaður Félags grunnskólakennara sagði um mikilvægi endurskoðunar kennarastarfsins og þess sem við höfum lagt áherslu á. Orð eru til alls fyrst.

Formaðurinn ræddi um stöðu grunnskólamála í Danmörku og sagði að þverpólitísk samstaða væri meðal þingflokka á danska þinginu um nýja skólastefnu sem mótuð hefur verið þar í landi og hafa stjórnvöld meðal annars lýst yfir vilja til að tryggja nemendum aukinn tíma til náms. Tillögurnar njóta víðtæks stuðnings í þjóðfélaginu.

Eftir að hafa kynnt mér þróun þessara mála í Danmörku þá kemst ég ekki hjá því að spyrja hvers vegna við stjórnámálamennirnir á Íslandi, bæði í sveitarstjórnunum og á Alþingi, styðjum ekki betur og á meira áberandi hátt við stefnu okkar

í skólamálu. Það þarf víðtækan opinberan pólitískan stuðning við þessi markmið. Í Danmörku taka sveitarstjórnarmenn, þingmenn, ráðherrar og ríkisstjórn höndum saman og eru samstíga í því að ná fram nauðsynlegum breytingum á skólakerfinu í þágu betra skólastarfs.

Halldór ræddi um verkefnatilflutning frá ríki til sveitarfélaga og kvaðst hafa bundið miklar væntingar til svokallaðrar Jónsmessunefndar, sem er samstarfsnefnd með fulltrúum sambandsins, innanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Þar er fjallað um mál sem ágreiningur er um og ekki hafa fengið lausn á öðrum samskiptasviðum aðila.

Að lokinni setningarræðu formanns sambandsins ávarpaði innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, þingið og fjallaði m.a. um ákvæði um íbúalýðræði í sveitarstjórnarlögum, persónukjör í sveitarstjórnarkosningum, rafrænar íbúakosningar, almenningssamgöngur og löggæslumál.

Þá flutti erindi á landsþinginu Claus Ørum Mogensen, skrifstofustjóri fjármáladeildar KL – danska sveitarfélaga-sambandsins. Hann ræddi um þau mál sem efst voru á baugi á vettvangi danskra sveitarfélaga og þá fyrst og fremst hugmyndir um breytingar á danska grunnskólakerfinu.

Aðrir frummælendur á landsþinginu voru Aldís Hafsteinsdóttir, bæjastjóri Hveragerðisbæjar, Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar, Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, Halla Björk

Skrifstofa sambandsins er í Borgartúni 30



Reynisdóttir, formaður bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar, og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bærstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Dagskrá landsþingsins var þrjúþætt. Fyrst var fjallað um nokkur mál undir yfirskriftinni *Hvað er í deiglunni?* Undir þeim lið var m.a. fjallað um skólamál, rafræna stjórnsýslu, þjónustu við fatlað fólk o.fl. Í öðrum hluta var fjallað um svæðasamvinnu sveitarfélaga og spurt hvort þriðja stjórnsýslustigið væri að myndast án markvissrar stefnumörkunar í því efni. Að síðustu var fjallað um ýmsa þætti sem lúta að þeim lærdómi sem sveitarstjórnarmenn geta dregið af ýmsu sem gert hefur verið á kjörtímabilinu. Einnig var kallað sérstaklega eftir ábendingum um það sem betur má fara í starfsemi sambandsins. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram komu vann framkvæmdastjóri, í samvinnu við alla starfsmenn sambandsins, tímasetta aðgerðaáætlun til að bregðast við þeim ábendingum sem fram komu. Framkvæmd þeirrar áætlunar stendur nú yfir.

Til að undirbúa umfjöllun um framangreind mál á landsþinginu tóku framkvæmdastjóri og sviðsstjórar saman upplýsingar og settu fram hugleiðingar sem sendar voru öllum landsþingsfulltrúum fyrir þingið.

Á landsþingið mættu 130 fulltrúar frá 71 sveitarfélagi. Þá voru mættir með málfrelsi og tillögurétti fjórir stjórnarmenn í sambandinu, sem ekki voru kjörnir fulltrúar síns sveitarfélags, og 51 bær- og sveitarstjóri. Þingið sátu því 185 fulltrúar, auk gesta og starfsmanna sambandsins.

Stjórn sambandsins

Þær breytingar urðu á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu, að Hanna Birna Kristjánsdóttir og Óttarr Ólafur Proppé báðust lausnar frá setu í stjórn sambandsins eftir að þau voru kjörin til setu á Alþingi við alþingiskosningarnar í apríl. Hanna Birna settist reyndar í stól innanríkisráðherra við ríkisstjórnarskiptin og hefur hún því með höndum málefni sveitarfélaganna í stjórnarráðinu.

Í stað Hönnu Birnu og Óttars tóku sæti í stjórninni Júlíus Vífill Ingvarsson og Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúar í Reykjavík.

Stjórnin hélt níu stjórnarfundum á árinu 2013, auk eins fundar með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í október.

Stjórnin hélt einn fund á landsbyggðinni haustið 2013. Í byrjun september fór stjórnin, ásamt framkvæmdastjóra og sviðsstjórum sambandsins, í ferð um Snæfellsnes, þar sem stjórnarfundur var haldinn á Hellissandi í Snæfellsbæ.

Í ferðinni hittu stjórn og starfsmenn sambandsins fulltrúa sveitarstjórnanna í Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Stykkishólmsbæ og Eyja- og Miklaholtshreppi.

Rætt var um stöðu sveitarfélaganna og framtíðarhorfur og heimamenn kynntu þau málefni sem efst voru á baugi í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri sambandsins sóttu ýmist saman eða hvor í sínu lagi flesta aðalfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga og fluttu þar erindi um sambandið og verkefni þess.

Stjórn og starfsmenn sambandsins í Kolgrafarfirði í september 2013



Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Samkvæmt lögum er Samband íslenskra sveitarfélaga sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Sambandið fer með sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna eftir því sem lög ákveða og mæla fyrir um. Sambandið telst þó ekki vera stjórnvald. Á grundvelli þessa mikilvæga hlutverks er stöðugt unnið að því af hálfu sambandsins að bæta og auka samskiptin við ríkið og Alþingi með það að markmiði að gæta eins vel og kostur er hagsmuna sveitarfélaga og sveitarstjórnarstigsins.

Fyrsta virka dag eftir Alþingiskosningar 2013 sendu formaður og framkvæmdastjóri sambandsins öllum nýkjörnum þingmönnum bréf með heillaóskum um kjörið. Í bréfinu var minnt á að sambandið er lögformlegur samskiptaaðili við ríki og Alþingi um málefni er varða sveitarstjórnarstigið. Lögð var áhersla á að styrkja þessi tengsl og rækta góð samskipti ríkis og sveitarfélaga, svo þessi tvö stjórnsýslustig geti verið samstíga við þróun og veitingu opinberrar þjónustu sem stenst gæðasamanburð við það besta sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Í bréfinu var óskað eftir góðum samskiptum við alla alþingismenn og bauðst sambandið til að veita þeim allar þær upplýsingar sem það býr yfir, eða hefur tök á að afla, um stöðu og starfsemi sveitarfélaganna í landinu. Jafnframt voru þingmönnum sendar upplýsingar um helstu áherslur sambandsins í samskiptum þess við Alþingi og ríkisstjórn með von um að alþingismenn hafi hliðsjón af þeim í störfum sínum. Áherslurnar eru hluti af ítarlegri stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gildir fyrir árin 2011–2014.

Þegar stefnuyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar lá fyrir greindi framkvæmdastjóri stefnuna m.t.t. stefnumörkunar sambandsins og hagsmuna sveitarfélaga. Var sú greining lögð fyrir stjórn sambandsins á fundi hennar 31. maí 2013 og samþykkti stjórnin að hún yrði send öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Formaður sambandsins og framkvæmdastjóri áttu í framhaldinu fundi með nokkrum ráðherrum þar sem farið var yfir þessa greiningu.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga sem skal funda að lágmarki einu sinni á ári. Fast sæti á fundum samstarfsráðsins eiga innanríkisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Aðrir ráðherrar sitja fundi samstarfsráðsins eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki var boðað til fundar í samstarfsráðinu á árinu 2013 og eru ástæður þess ekki þekktar.

Aðeins einn fundur var haldinn í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, svokallaðrar Jónsmessunefnd, á árinu 2013. Í samstarfsnefndinni eiga sæti ráðuneytisstjórar innanríkisráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og þrjú fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefndin starfar í umboði samstarfsráðs ríkis og sveitarfélaga og er vettvangur fyrir reglulega umfjöllun um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Lög og reglugerðir

Störf Alþingis báru þess skýr merki á fyrri hluta ársins að þingkosningar voru í aðsigi. Meirihluti fráfarandi ríkisstjórnar lagði fram mörg stór og umdeild mál sem fæst náðu fram að ganga. Hæst bar án efa frumvarp til

Átaksverkefninu Liðsstyrk var hleypt af stokkunum í upphafi árs 2013.



nýrra stjórnskipunarлага. Lögfræðingar sambandsins sendu Alþingi ítarlega umsögn og fjölmörg minnisblöð um einstök álitæfni í því frumvarpi, en almennt var lítið tillit tekið til þeirra ábendinga í nefndarálitum Alþingis. Fór á endanum svo, eftir langvarandi málþóf stjórnarandstöðunnar, að frumvarpið náði ekki fram að ganga. Mörg önnur lagafrumvörp hlutu sömu örlög og er sérstaklega ástæða til að geta um frumvarp um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, þar sem lagt var til að tekið yrði upp persónukjör í sveitarstjórnarkosningum. Umsögn sambandsins um það frumvarp var fremur jákvæð og stjórn sambandsins lagðist ekki gegn því að það yrði að lögum. Svipuð afstaða kom fram í umsögnum þeirra sveitarfélaga sem bárust Alþingi en jafnframt var gerð alvarleg athugasemd við það, bæði af hálfu sambandsins og einstakra sveitarfélaga, að mjög stuttur umsagnarfrestur var veittur um málið.

Þau frumvörp sem náðu fram að ganga og snúa að sveitarfélögum voru ný náttúruverndarlög nr. 60/2013, efnalög nr. 61/2013, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og lög um búfjárhald nr. 38/2013. Við gildistöku þriggja síðasttöldu laganna urðu allnokkrar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eftirlit með efnunum er þannig fært frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfisstofnunar og er nú lögð megináhersla á innflutningseftirlit í stað markaðseftirlits. Búfjäreftirlit var jafnframt fært frá sveitarfélögum til Matvælastofnunar og hafa nú verið ráðnir sex búfjäreftirlitsmenn til að sinna því verkefni fyrir hönd stofnunarinnar. Á þessu stigi er ekki ljóst hvort náttúruverndarlög taka gildi 1. apríl 2014 eins og kveðið er á um í lögum. Ástæðan er sú að umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fram á haustþingi frumvarp þar

sem lagt er til að lögin verði afnumin og er það frumvarp enn til umfjöllunar á Alþingi. Í umsögn sambandsins um það frumvarp er ekki tekin bein afstaða til þess hvort rétt sé að afnema lögin en hins vegar er lögð á það áhersla að tilteknar ábendingar sambandsins hafi ekki fengið nægilega umfjöllun áður en lögin voru samþykkt. Einnig má nefna að samþykkt voru lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Fremur fá lög voru samþykkt á haustþingi en þó má nefna að samþykkt voru ný lög um Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig voru felld úr gildi ákvæði barnaverndarlaga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og gjaldtöku fyrir aðgang að barnaverndarúrræðum sem Barnaverndarstofa rekur. Nokkur mikilvæg lagafrumvörp voru lögð fram seint á haustþingi og bíða því umfjöllunar á vorþingi. Þar ber líklega hæst frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, frumvarp til laga um opinber skjalasöfn, frumvarp til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni og frumvarp til laga um útlendinga.

Ný skipulagsreglugerð var sett í byrjun árs en lengi hafði verið kallað eftir henni þar sem rúmlega tvö ár liðu frá gildistöku skipulagslaga nr. 123/2010 þar til reglugerðin var sett. Ný byggingarreglugerð tók gildi í febrúar 2012. Eftir mikla gagnrýni á efni hennar og skort á því að lagt væri fullnægjandi mat á áhrif reglugerðarinnar var brugðist við með skipan nefndar af hálfu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, auk þess sem allnokkrar breytingar voru gerðar á reglugerðinni í desember 2012. Að loknu frekara samráði var gefin út önnur breytingareglugerð í apríl 2013 um umtalsverðar breytingar á reglugerðinni en umræða heldur þó áfram um hvort rétt sé að veita frekari tilslakanir til að lækka byggingarkostnað nýrra íbúða. Af öðrum nýjum

Frá fundi um upplýsingasamfélagið.



reglugerðum sem settar voru á árinu er einkum ástæða til að nefna reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 nr. 623/2013 og reglugerð um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum nr. 1042/2013.

Áfram hefur verið unnið að innleiðingu sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og aðstoðuðu lögfræðingar sambandsins fjölmörg sveitarfélög við endurskoðun samþykktu um stjórn sveitarfélaga, sem átti að ljúka fyrir 1. júlí 2013. Einnig hefur sambandið aðstoðað allmörg sveitarfélög við endurskoðun samninga um samstarf sveitarfélaga, sem þarf að ljúka fyrir 15. október 2014, og um setningu siðareglna, en öll sveitarfélög eiga nú að hafa sett sér siðareglur. Nokkur misbrestur hefur orðið á því að sveitarfélög hafi náð að ljúka þeim innleiðingaraðgerðum sem að þeim snúa og er mikilvægt að þau nái að ljúka þessum verkefnum sem fyrst enda eru nú liðin tvö ár frá gildistöku laganna. Reynslan af lögnum virðist almennt vera góð og er lítið um gagnrýni á efni þeirra. Ein breyting á lögnum var þó samþykkt í janúar 2014 á Alþingi en hún varðar bráðabirgðaákvæði III um meðhöndlun eignarhluta sveitarfélaga í orku- og veitufyrirtækjum við útreikning eftirlitsnefndar á fjárhagslegum viðmiðum um afkomu sveitarfélaga og skuldahlutfall.

Að venju hafa sérfræðingar sambandsins átt aðkomu að fjölmörgum öðrum lagafrumvörpum og stjórnvaldsfyrirmælum en hér hafa verið talin upp. Má vænta þess að mörg þeirra mála verði til umfjöllunar í byrjun næsta árs. Má þar m.a. nefna frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni, þar sem markmiðið er að setja heildstæða löggjöf um

almenningsamgöngur, frumvörp til laga um breytingar á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum, endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp og þannig mætti lengi telja.

Fjármál sveitarfélaga


Hag og upplýsingasvið sambandsins annast margháttða þjónustu við sveitarfélögin sem lýtur að fjármálum þeirra. Meginmarkmið þeirrar þjónustu er hægt að draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Bæta og auka aðgengi að fjármálalegum og talnalegum upplýsingum sem varða sveitarfélögin.
2. Auka möguleika á fjölþættum fjárhags- og tölulegum samanburði milli einstakra sveitarfélaga og milli ára.
3. Vinna og koma á framfæri fræðsluefni sem tengist fjármálum sveitarfélaganna.
4. Vinna að þeim hagsmunum sveitarfélaganna sem tengjast fjármálum þeirra í samskiptum við ríkisvaldið, stofnanir þess og ýmis hagsmunasamtök.

Almennt má segja að fjármál sveitarfélaga hafi þróast áfram til betri vegar á árinu. Það á bæði við um rekstur þeirra, efnahag og sjóðstreymi. Sveitarfélögin vinna markvisst eftir fjármálareglum sveitarstjórnarlaga, bæði hvað varðar jafnvægisreglu og skuldareglu. Þau sveitarfélög sem hafa ekki náð settum markmiðum varðandi skuldareglu hafa sett upp aðgerðaáætlun í þeim efnum í samstarfi við Eftirlitsnefnd sveitarfélaga.

Upplýsingaveita sveitarfélaga hefur á liðnum árum verið í uppbyggingu í samstarfi sambandsins, Hagstofu Íslands

Undirritaður var samningur um samstarf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og sambandsins



og innanríkisráðuneytisins. Verkefninu hefur miðað hægar en skyldi vegna takmarkaðra fjármuna sem til ráðstöfunar eru. Á árinu náðist sá áfangi að langflestum ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga var skilað rafrænt inn í gagnagrunn hjá hagstofunni. Þetta fyrirkomulag gerir skil sveitarfélaga auðveldari, bætir aðgengi að gögnum og gerir þau aðgengilegri til úrvinnslu en áður.

Sérfræðingur sviðsins kynnti stöðu verkefnisins og þær upplýsingar sem aðgengilegar eru í gagnagrunninum á vörfundum félags bæjarritara og fjármálastjóra sveitarfélaganna sem haldinn var á Ísafirði í maímánuði.

Miklar upplýsingar varðandi fjármál sveitarfélaga og ýmsar tölulegar upplýsingar er að finna á vef sambandsins. Þær eru endurnýjaðar og uppfærðar jafnóðum og mögulegt er, til að sveitarfélögin og aðrir sem áhuga hafa á þessum upplýsingum hafi aðgengi að því sem nýjast er hverju sinni.

Árbók sveitarfélaga, Skólaskýrslan og Félagsþjónustuskýrslan eru gefnar árlega út á haustmánuðum. Þær innihalda mikið magn af fjárhagsupplýsingum og öðru talnaefni sem varða sveitarfélögin. Aukin áhersla hefur verið lögð á að birta niðurstöður ýmis konar fagvinnu í sérstökum fréttabréfum. Sérstakar skýrslur eru unnar upp úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga um fjárhagsstöðu þeirra í heild sinni og einstaka flokka sveitarfélaga. Þessar skýrslur eru eingöngu birtar sem fréttabréf á vef sambandsins.

Unnið var að birtingaráætlun fyrir sviðið á árinu. Hún var sett á vef sambandsins í árslok 2013.

Undanfarin ár hafa verið teknar saman ýmsar upplýsingar fyrir sveitarfélögin vegna undirbúnings fjár-

hagsáætlanagerðar. Þær eru að stofni til annars vegar samantekt úr Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og hins vegar yfirlit um ýmis atriði sem tengjast uppsetningu og útfærslu fjárhagsáætlunar. Markmiðið er að stuðla að samræmingu ýmissa grunnforsendna milli sveitarfélaga og almennt að styrkja fjárhagsáætlanagerðina. Þessar upplýsingar hafa verið sendar til sveitarfélaganna á haustdögum. Á vörfundum félags bæjarritara og fjármálastjóra var þessi vinna kynnt og rædd. Þar kom fram ósk um að útsendingu þessara upplýsinga yrði flýtt. Frágangi skýrslunnar var því lokið strax og niðurstöður úr Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands í júní lágu fyrir og hún send strax til sveitarfélaganna. Þessi breyting mæltist vel fyrir.

Unnið var að endurbótum á Skólavoginni og endurskoðun á þeim lykiltölum sem litið er til í verkefninu. Áhersla var lögð á að þættir eins og innri leiga sem og skólaakstur yrðu aðgreindir frá öðrum rekstrarkostnaði skóla. Haustið 2013 var í fyrsta skipti hægt að sjá rekstrarkostnað vegna grunnskóla í Skólavoginni, þar sem búið var að einangra framangreinda þætti.

Unnið var með starfshópi á vegum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hefur verið að skoða útfærslu á þegar fram komnum hugmyndum um endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins. Verkefnið hefur reynst mun umfangsmeira og flóknara en ráð var fyrir gert í upphafi.

Framkvæmdastjóri sambandsins hefur átt sæti í stýriningd sem samdi frumvarp um opinber fjármál sem tilbúið er til framlagningar á Alþingi. Í frumvarpinu er m.a. fjallað um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir vel skipulögðum og formfastari samskiptum en áður í samvinnu aðila.

Það er jafnan fjölmenni á fjármálaráðstefnum sambandsins.



Markmiðið er að stuðla að góðri hagstjórn og styrki og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Mótúð verður sameiginleg og heildstæð stefnumörkun um opinber fjármál. Stefnt er að því að auka skilning á tekjupörf og útgjaldaáformum beggja stjórnsýslustiganna m.t.t. þjónustuábyrgðar þeirra samkvæmt lögum. Fjallað skal á formlegan hátt um hvernig fjármagna megi opinbera þjónustu í sátt milli ríkis og sveitarfélaga.

Í starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2013 var m.a. fjallað um ýmis verkefni sem tengjast tekjustofnum sveitarfélaga og gert er ráð fyrir að sambandið vinni að, samkvæmt stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011–2014. Þessi verkefni hafa verið rædd við innanríkisráðherra og fulltrúa innanríkisráðuneytisins og hefur niðurstaðan orðið sú að ráðuneytið og sambandið greini sameiginlega stöðuna í tekjustofnamálum sveitarfélaga. Slík greining getur reynst dýrmæt og e.t.v. verið undanfari formlegra tekjustofnaviðræðna milli sambandsins og viðkomandi ráðuneyta.

Gerður hefur verið samningur við Harald L. Haraldsson hagfræðing um að gera úttekt, skrifa greinargerð og setja fram tillögur til að styðja kröfu sambandsins um að sveitarfélögin fái hlutdeild í gjöldum af umferð í þéttbýli, umhverfissköttum og hlutdeild í kolefnisgjaldi. Úttektin mun væntanlega liggja fyrir á fyrri hluta árs 2014.

Stofnaður var vinnuhópur með sex sveitarfélögum um „Best practice“ er varðar undirbúning fjárhagsáætlanagerðar og eftirfylgni hennar. Sveitarfélögin voru valin m.a. með hliðsjón af stærð og landfræðilegri legu. Þau eru: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Borgarbyggð, Ísafjarðarbær, Dalvíkurbyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður. Drög að verklýsingu var send

til þeirra síðsumars. Viðbrögð voru góð og tóku öll þátt í verkefninu sem til var leitað. Hugmyndafræði verkefnisins, markmið þess og tilgangur var kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í október. Í framhaldi af ráðstefnunni var haldinn vinnufundur með fyrrgreindum sveitarfélögum. Stefnt er að því að bráðabirgðaniðurstöður verkefnisins verði kynntar eigi síðar en á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í október 2014.

Sambandið og innanríkisráðuneytið gerðu samning á árinu við endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækið KPMG um að gera úttekt á fjárhagslegri hlið yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk, bæði hvað varðar fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga svo og dreifingu fjármagns milli þjónustusvæða. Niðurstöðu úttektarinnar er að vænta á vormánuðum 2014. Gagna hefur verið aflað frá öðrum norrænum ríkjum varðandi framkvæmd og fjármálalega hlið NPA og var greint frá reynslu annarra norrænna ríkja á ráðstefnu um yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga sem haldinn var í Kópavogi í byrjun október.

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins sótti tvo fundi erlendis á árinu. Hinn fyrri var fjármálaráðstefna dönsku sveitarfélaganna sem haldin var í Álaborg í janúar. Hinn síðari var ársfundur hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna sem haldinn var í Álasundi í Noregi í ágúst. Skýrslur um þessa fundi voru birtar í sérstökum fréttabréfum sem er að finna á vef sambandsins. Mikilvægt er fyrir sambandið að vera í góðu sambandi við norræn systursambönd til að læra af þeim og nýta sér reynslu þeirra á mörgum sviðum.

Landsþing sambandsins var haldið í mars.



Alþjóðamál

Eitt af meginverkefnum í starfsáætlun þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins á árinu 2013 var að halda áfram að gæta hagsmuna sveitarfélaga vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu í gegnum þátttöku í samningahópi um byggða- og sveitarstjórnarmál og undirhópum. Einnig átti að vinna að því að sveitarfélög ættu kost á stuðningi í gegnum IPA, TAIEX og LAF.

Fram að alþingiskosningum vorið 2013 var unnið ötullega að því að sveitarfélög gætu nýtt sér tækifæri til þekkingaruppbyggingar vegna aðildarumsóknarinnar og að því að tryggja hagsmunum sveitarfélaga í vinnu við stofnanauppbyggingu og gerð íslenskra framkvæmdaáætlana fyrir byggðasjóðina tvo. Sambandið stóð fyrir málþingi 14. mars um afrakstur TAIEX námsferða landshlutanna átta til að kynna sér evrópsk byggðamál. Yfirskrift þess var: „Hvers urðum við vísari og hvað getum við tileinkað okkur“.

Brussel-skrifstofan annaðist einnig skipulagningu og stjórn þriggja LAF-námsferða til Brussel um byggða- og félagsmálastefnur ESB í samstarfi við Stækkunarskrifstofu ESB. Minnisblað um aðildaraðstoð til sveitarfélaga var lagt fyrir stjórn sambandsins í júní og sent utanríkisráðherra eftir fundinn. Með bréfi, dags. 6. september 2013, tilkynnti utanríkisráðuneytið fulltrúum í samningahópi um byggða- og sveitarstjórnarmál, að tekin hafi verið ákvörðun um að leysa samninganefnd, samningahópa og samráðshóp formlega frá störfum vegna nýrrar stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar. Þó er áréttað í bréfinu að lausn samninganefndar og hópa frá störfum þýði ekki að viðræðum hafi verið slitið.

Það sé önnur og sérstök ákvörðun. Öll mál tengd aðildarumsókninni eru því í biðstöðu.

Þá var unnið að því á fyrri hluta ársins að stofna Ráðgjafarnefnd Íslands með Svæðanefnd ESB – CoR. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 4. mars 2013 í Ráðhúsi Reykjavíkur, en ákveðið var að fresta öðrum fundi, sem áætlað var að halda í október, vegna stöðu aðildarumsóknarinnar.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA hélt sjöunda fund sinn í Bergen í Noregi í júní 2013. Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES/EFTA ríkjum gagnvart ESB. Í honum eiga sæti frá hverju landi allt að sex kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Noregi og Íslandi. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands.

Á fundinum var Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, kjörinn forseti vettvangsins, en helstu verkefni fundarins voru reglur um ríkisaðstoð, Þróunarsjóður EFTA og stefna ESB í hafnamálum, en vettvangurinn samþykkti ályktanir um þessi þrjú mál.

Síðari fundur Sveitarstjórnarvettvangs EFTA var svo haldinn í nóvember í Brussel í Belgíu. Helstu viðfangsefni fundarins voru stefna ESB í úrgangsmálum og endurskoðuð tilskipun um endurnot opinberra upplýsinga, en vettvangurinn samþykkti ályktanir um þessi tvö mál. Vettvangurinn fjallaði einnig um staðlamál og fundaði með þingmannanefnd EFTA þar sem samgöngustefna ESB og valddreifing í Evrópu voru til umræðu.

Ráðgjafarnefnd Íslands með Svæðanefnd ESB á fundi í Reykjavík



Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að Evrópusamtökum sveitarfélaga, Council of European Municipalities and regions (CEMR). Samtökin eru stærstu samtök sveitarstjórnarstigsins í Evrópu. Aðild eiga rúmlega 50 landssambönd bæja, sveitarfélaga og héraða frá 39 löndum Evrópu. Samtökin eru í fyrirsvari fyrir um 100.000 sveitarfélög og héruð í Evrópu. Stefnunótunarnefnd CEMR fundar venjulega tvisvar á ári. Fyrri fundur nefndarinnar var haldinn í París í Frakklandi. Helstu mál á dagskrá fundarins voru breytingar á evrópskum persónuverndarreglum, starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna og flutningur aðalskrifstofunnar til Brussel.

Síðari fundur nefndarinnar var haldinn í Prag í Tékklandi í byrjun desember 2013. Meginumfjöllunarefni fundarins voru uppbygging borga í Austur-Evrópu eftir fall Sovétríkjanna og staðbundið lýðræði og dreifstýring.

Í byrjun nóvember hittust framkvæmdastjórar evrópskra sveitarfélagasambanda í Brussel undir merkjum Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR). Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, sat fundinn. Fyrir utan hefðbundin stjórnarstörf fjölluðu framkvæmdastjórnarnir m.a. um samstarf sveitarfélaga um verkefni sín og við einkaaðila og áhrif nýrra evrópskra reglna um sérleyfi og innkaupamál á slíkt samstarf. Nýjar innkaupareglur og sérleyfissamningareglur munu gilda á Íslandi á grundvelli EES-samningsins, brýnt er að tryggja að innleiðing reglnanna verði sem einföldust, regluverkið verði ekki „gullhúðað“ og komið sé í veg fyrir óþarfa stjórnsýslubyrðar fyrir sveitarfélög.

Stefnumótun og löggjöf Evrópusambandsins hefur víðtæk áhrif á íslensk sveitarfélög í gegnum EES-samninginn. Áhrifin ná til flestra málaflokka sveitar-

félaga, þó í mismiklum mæli sé. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur, með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, starfrækt skrifstofu í Brussel síðan 2006. Skrifstofan annast hagsmunagæslu fyrir íslensk sveitarfélög í Brussel og miðlar upplýsingum um Evrópumál til sveitarfélaga og sambandsins. Einnig vinnur skrifstofan að því að sveitarfélög geti í auknum mæli nýtt sér tækifæri sem fólgin eru í evrópskum samstarfsáætlunum.

Skrifstofan gefur tvisvar á ári út upplýsingarit - *Frá Brussel til Breiðdalshrepps* - um helstu nýmæli hjá ESB og EFTA sem snerta sveitarfélögin. Upplýsingunum er skipt niður eftir efnisköflum þannig að það sé aðgengilegt fyrir stjórnendur á einstökum sviðum sveitarfélaga að nálgast upplýsingar um sín svið, s.s. um félags- og starfsmannamál, opinber innkaup, umhverfis- og úrgangsmál og stefnumótun, stofnanauppbyggingu og byggðastefnu ESB. Þá er einnig að finna í ritinu skýringar á hlutverkum Evrópustofnana, skammstöfunum og sértækum heitum sem notuð eru yfir Evrópumál. Í ritinu er einnig að finna fjölda tengla á skjöl og heimasíður þar sem nálgast má nánari upplýsingar um einstök mál.

Brussel-skrifstofan heldur einnig úti fréttasíðu á vef sambandsins þar sem nálgast má fjölbreyttan fróðleik um Evrópumál.

Lýðræðis- og þróunarmál

Stjórn sambandsins samþykkti á fundi í desember erindisbréf fyrir nýja síðanefnd sambandsins, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Á sama fundi samþykkti stjórnin að skipa Sigurð Kristinsson, heimspeking og prófessor á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri, formann nefndarinnar; Erling

Frá fundi um byggðamál sem haldinn var á Grand hóteli.



Ásgeirsson, bæjarfulltrúa í Garðabæ, varaformann; og Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, lögfræðing og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins þriðja nefndarmanninn. Starfsmaður og ritari nefndarinnar verður Valur Rafn Halldórsson, stjórnslufræðingur og sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga um frampróun upplýsingasamfélagsins hefur aukist undanfarin ár sem er mjög jákvætt. Til að unnt sé nota upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu og hagræða í rekstri þurfa rafræn gögn að geta flætt óhindrað á milli stofnana ríkis og sveitarfélaga og það kallar á samstarf á milli stjórnsýslustiganna. Frampróun upplýsingasamfélagsins krefst fjárfestinga í upphafi sem skila munu hagræðingu til lengri tíma lítið. Það sparar opinbert fé að ríki og sveitarfélög hafi samstarf um uppbyggingu á þessu sviði. Fulltrúar sveitarfélaga tóku þátt í mótun tillagna að nýrri stefnu ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013–2016 sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti fyrir sitt leyti á fundi sínum 31. maí 2013. Sveitarfélögin eiga einnig fulltrúa í verkefnisstjórn sem mun hafa umsjón með innleiðingu stefnunnar. Í stefnumótuninni er gert ráð fyrir uppbyggingu á grunninnviðum sem nýtast bæði ríkisstofnunum og sveitarfélögum. Það er einnig gert ráð fyrir rafrænum lýðræðisverkefnum á sveitarstjórnarstigi.

Sambandið stóð fyrir námsferð fyrir sveitarstjórnarmenn til Skotlands 3.–5. september. Ferðin var skipulögð að beiðni Samtaka stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga (SSSFS) og fleiri um að sambandið standi að slíkri ferð á hliðstæðan hátt og það gerði 2007 þegar skipulögð var námsferð til Danmerkur og Noregs. Ferðin var opin fyrir alla sveitarstjórnarmenn en við skipulagningu voru sérstaklega hafðir í huga

framkvæmdastjórar sveitarfélaga og félagsmenn í SSSFS. Þátttakendur í ferðinni voru 33, ásamt 12 mökum. Skoska sveitarfélagasambandið, COSLA, aðstoðaði við skipulagningu. Ferðin tókst mjög vel og var mikil ánægja með hana. Hópurinn hitti fulltrúa sveitarstjórnarráðuneytis Skotlands, forsvarsmenn COSLA og SOLACE Scotland sem eru samtök æðstu ráðinna stjórnenda skoskra sveitarfélaga. Hann heimsótti einnig þróunarstofnun skoskra sveitarfélaga, „Improvement Service“, og forsvarsmenn West Lothian Council tóku á móti hópnum, en þetta nágrannasveitarfélag Edinborgar hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir framúrskarandi þróunarverkefni í stjórnsýslu sinni og þjónustu. Skosk sveitarfélög beita margs konar árangursstjórnunarverkfærum sem íslensk sveitarfélög þekkja lítið til og njóta í því sambandi aðstoðar þróunarstofnunar sveitarfélaga. Það var einkar áhugavert að kynna því hvernig skosk sveitarfélög taka heildstæða ábyrgð á velferð íbúa sinna og leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir í samstarfi við þjónustustofnanir ríkisins, þriðja geirann og atvinnulífið til að draga úr kostnaði við velferðarkerfið og veita íbúum skilvirkari þjónustu. Ramminn fyrir þessar aðgerðir, „Community Planning“, er í sveitarstjórnarlögum. Fimm þátttakendur í ferðinni tóku síðasta daginn þátt í ráðstefnu sem haldin var til að meta reynsluna af þeim samningum sem sveitarfélög hafa gert um endanlegan árangur af CP og ræða framtíðarsýn.

Svæðasamvinnunefnd sambandsins, sem var skipuð í nóvember 2012 til að til að fjalla um hlutverk landshlutasamtaka og þróun í svæðasamvinnu sveitarfélaga á Íslandi, með tilliti til þess hvort hugsanlega stefni í myndun þriðja stjórnsýslustigsins hér á landi, skilaði frá sér áfangaskýrslu sem var til umræðu á landsþingi

Sóknaráætlun landshluta var undirrituð í Þjóðmenningarhúsinu í mars.



2013. Umræður leiddu í ljós að afgerandi meirihluti landsþingsfulltrúa telja ekki ástæðu til róttækra breytinga á núverandi svæðasamstarfi sveitarfélaga og að þau eigi sjálf að hafa forræði á því að bæta úr þeim ágöllum sem eru á því.

Félagspjónusta og velferðarmál

Sú ríkisstjórn sem fór frá völdum vorið 2013 var búin að móta húsnæðisstefnu sem er í algjöru samræmi við stefnumörkun sambandsins. Ný ríkisstjórn ákvað á hinn bóginn að hefja á ný vinnu við mótun húsnæðisstefnu. Nýr ráðherra húsnæðismála setti á stofn verkefnisstjórn um mótun tillagna um framtíðarskipan húsnæðismála í júlí 2013. Sambandið og sveitarfélögin áttu ekki fulltrúa í verkefnisstjórninni í upphafi. Sambandið og stjórn þess gerðu ítrekaðar athugasemdir við þá skipan mála og farið var fram á að framkvæmdastjóri sambandsins tæki sæti í nefndinni. Það var ekki fyrr en með bréfi ráðherra, dags. 23. október 2013, að samþykkt var að sambandið fengi áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Framkvæmdastjóri sambandsins hefur setið fundi nefndarinnar frá þeim tíma og tekið fullan þátt í störfum hennar. Einnig hafa verið settir á stofn fjórir verkefnahópar og á sambandið fulltrúa í þeim öllum. Fulltrúar sambandsins vinna á grundvelli stefnumörkunar sambandsins í húsnæðismálum fyrir árin 2011–2014 á þessum vettvangi þannig að vinna þeirra er mjög samhæfð og markviss.

Í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélag frá 23. nóvember 2010 um flutning á þjónustu við fatlað fólk hófst á árinu vinna við sameiginlegt mat aðila á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar. Sérstök verkefnisstjórn heldur utan um endurmatsferlið

en í stjórninni eiga sæti fulltrúar frá sambandinum og ráðuneytum velferðar, innanríkis og fjármála. Framkvæmdastjóri sambandsins á sæti í verkefnisstjórn um þetta endurmat. Í fyrstu var samið um að framlengja samning um tilfærsluna um eitt ár, þ.e. árinu 2014 væri bætt við þau þrjú ár sem samið hafði verið um, og er kostnaður við tilfærsluna nú fjármagnaður með 1,24% stigi útsvars í stað 1,2% og hafa beingreiðslur frá ríkinu fallið niður. Stefnt er að því að niðurstöður þessarar vinnu liggi fyrir um mitt árið 2014 og þá verði varanlegt útsvarshlutfall vegna tilfærslunnar ákveðið sem taki gildi árið 2015. Einnig var gerð úttekt á þróun launakostnaðar í málaflokknum frá ársbyrjun 2011.

Fulltrúar úr verkefnisstjórninni fóru á vori og hausti 2013 í heimsóknir á öll þjónustusvæðin 15 í málefnum fatlaðs fólks. Í framhaldi af heimsóknunum var send spurningakönnun til stjórnenda þjónustusvæða og tók sambandið að sér framkvæmd þess verkþáttar. Markmið könnunarinnar er einkum að leiða í ljós hvort það fjármagn sem fluttist yfir til sveitarfélaganna dugir til þess að standa undir þeirri uppbyggingu sem stjórnvaldsaðgerðir kalla á, eins og t.d. reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010 og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem Alþingi samþykkti í júní 2012. Samhliða var einnig spurt um ýmis atriði í þróun þjónustu og leitað eftir viðhorfum stjórnenda á þjónustusvæðunum til þess hvernig miðað hafi að því marki að ná fram samþættingu og samfellu samhliða verkefnaflutningnum. Niðurstöður þessarar könnunar voru kynntar á upplýsinga- og umræðufundi sem sambandið og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga héldu í febrúar 2014.

Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks hélt reglulega fundi á árinu 2013 þar sem farið var yfir ýmis atriði sem

Sambandið gerðist aðili að European Social Network ár árinu, hér er Gyða Hjartardóttir félagsmálafulltrúi og Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri Kópavogsbæjar á fundi á þeirra vegum.



varða yfirfærsluna. Nýr formaður tók við í nefndinni á síðari hluta ársins og áttu fulltrúar sambandsins fund með honum til þess að fara yfir áherslur. Unnið hefur verið að endurskoðun á reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Jafnframt hefur hópur, með aðkomu þjónustusvæða í málaflokknum og frá sambandinu, unnið að útfærslu einstaklingsbundinna þjónustuáætlana fyrir þennan hóp notenda. Reiknað er með að þessi vinna skili niðurstöðu á fyrri hluta árs 2014 og að afstaða verði tekin til breytinga á reglugerðinni, samhliða samræmdu verklagi við gerð einstaklingsáætlana. Framtíðarstefnumótun vegna atvinnumála fatlaðs fólks var í biðstöðu á árinu 2013 en fyrir liggur tillaga sambandsins um að tekin verði afstaða til þess við endurmat á yfirfærslunni hvernig það fyrirkomulag hafi reynst að atvinnumálin væru á forræði sveitarfélaga.

Fulltrúar sambandsins hafa tekið þátt í vinnu við að þróa gæðastaðla í málefnum fatlaðs fólks sem eru að líta dagsins ljós í fyrsta skipti. Auk þess hefur sambandið tekið þátt í skipulagi og þróun spurninga sem snýr að upplýsingaöflun í málaflokknum í samstarfi við velferðarráðuneytið og Hagstofu Íslands. Sambandið hefur jafnframt tekið þátt í vinnu við reglugerð um starfsleyfi í málaflokki fatlaðs fólks.

Verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð fundaði reglulega á árinu, sem var í raun fyrsta árið sem tilraunaverkefnið er starfrækt. Fulltrúar sambandsins tóku þátt í samnorrænum fundi í Stokkhólmi, sem bar nafnið Personlig assistans: Nordiska erfarenheter og tóku þátt í að skipuleggja og halda erindi á alþjóðlegri ráðstefnu um NPA í samstarfi við samtök félagsmálastjóra á Íslandi. Einnig var málefnið til umfjöllunar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2013.

Fulltrúi sambandsins hélt erindi á fjölmennum fundi haustið 2013 þar sem rætt var um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks og einstaka þætti hennar. Verkefnið hefur farið hægt af stað einkum vegna þess að fjármögnun einstakra verkefna var ekki tryggð.

Fulltrúar sambandsins hafa tekið fullan þátt í vinnu við undirbúning tilfærslu þjónustu við aldrað fólk til sveitarfélaga og átti sambandið m.a. fulltrúa í yfirfærslunefnd um tilflutning þjónustunnar, sem og framkvæmdahópnum. Unnið er að drögum að viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um yfirfærsluna, sem og tímaáætlun og ítarlegu stöðumati. Sambandið hefur lagt á það áherslu að gengið verði frá gerð þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir annars vegar og hins vegar að samkomulag vegna lífeyrisskuldbindinga verði í farvegi fyrir yfirfærslu málaflokksins. Jafnframt hefur sambandið átt fulltrúa í hinum ýmsu vinnuhópum, m.a. greiðslu- og fasteignahópnum, þjónustusamningahópnum og gæða- og eftirlitshópnum. Ennfremur hefur verið unnið að sérstöku þróunarverkefni til að mæla þjónustupörf aldraðra á vegum þess vinnuhóps.

Í lok árs 2012 gerði sambandið fyrir hönd sveitarfélaganna samkomulag við ríkið og aðila vinnu- og aðilarinn um áttak til að mæta aðstæðum þess fólks sem stóð frammi fyrir því að fullnýta rétt sinn til bóta í atvinnuleysistryggingakerfinu á árinu 2013. Stefnt var að því að öllum atvinnuleitendum, sem fullnýttu eða fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta á tímabilinu frá 1. september 2012 fram til 31. desember 2013, samtals 3.700 manns, yrði boðin vinna eða starfsendurhæfing á árinu 2013 enda hafi þeir skráð sig til þátttöku í áttakinu. Gert var ráð fyrir að um 2.200 tímabundin ný störf yrðu sköpuð fyrir langtímaatvinnuleitendur í þessum hópi

Starfsmenn kjarasviðs sambandsins fóru hringferð um landið og hittu starfsmenn sveitarfélaga



á árinu 2013, 660 störf hjá sveitarfélögum, 220 hjá ríkisstofnunum og 1.320 á almenna vinnumarkaðnum. Til viðbótar var þeim sem á þurftu að halda boðin starfsendurhæfing. Í byrjun desember 2013 höfðu 920 liðsstyrkssamningar verið gerðir.

Þann 19. nóvember 2013 ýtti Vinnuálastofnun úr vör sérstöku verkefni í samvinnu við sambandið fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru án bótaréttar í atvinnuleysistryggingakerfinu og njóta fjárhagsaðstoðar frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkefnið hefur fengið nafnið Stígur en markmið þess er að styrkja viðkomandi einstaklinga í leit sinni að atvinnu og fækka þannig skjólstæðingum sveitarfélaganna sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda. Um er að ræða þjónustu við fólk sem ýmist hefur klárað bótarétt sinn til atvinnuleysisbóta undanfarin ár eða hefur af einhverjum ástæðum ekki náð að skapa sér þann rétt. Félagsþjónusta sveitarfélaga mun vísa þeim sem í hlut eiga í starfsráðgjöf og vinnumiðlun hjá Vinnuálastofnun samkvæmt sérstöku verklagi.

Sambandið hefur tekið fullan þátt í fundum stýrihóps Velferðarvaktarinnar og verið með kynningar fyrir vaktina. Að auki hefur sambandið átt fulltrúa í ýmsum undirnefndum Velferðarvaktarinnar.

Sambandið tók þátt í undirbúningi og skipulagi þings um virkni aldraðra í samstarfi við Öldrunarráð Íslands, og átti fulltrúa á þinginu. Auk þess var gefin út heildarskýrsla um niðurstöður þingsins sem sambandið tók þátt í að gera og kynna fyrir ýmsum aðilum.

Sambandið tók virkan þátt í starfshópi um mögulegar lausnir í málefnum barna með fjölpættan og samsettan vanda, en hópurinn skilaði af sér skýrslu um málið í

nóvember 2013. Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að þjónusta við börnin og umsjón með henni eigi heima innan kerfis málefna fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga enda verði sett til þess sértilgreint fjármagn, þar sem þessi hópur var ekki inni í yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna.

Eins og fram kemur á öðrum stað í þessari ársskýrslu var horfið frá áformum um að færa ábyrgð á rekstri vistheimila skv. 84. gr. barnaverndarlaga frá sveitarfélögum til ríkisins. Af hálfu sambandsins og Reykjavíkurborgar þótti ljóst að ávinningur af þeirri breytingu yrði enginn á meðan ekki kæmi til nýtt fjármagn til þess að bæta þá þjónustu sem fyrir er hjá sveitarfélögunum. Á þetta sjónarmið féllust velferðarráðuneytið og Alþingi og var því gerð breyting á barnaverndarlögum á haustþingi 2013 þar sem löggin voru færð til fyrra horfs áður en breytingin átti að taka gildi, sem var áformað 1. janúar 2014. Sambandið átti jafnframt fulltrúa í vinnu við breytingar á reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstir auk þess að eiga fulltrúa í vinnu sem tengist þjónustu fyrir áfengis- og vímefnasjúklinga.

Sambandið er þátttakandi í verkefni um samnýtingu upplýsinga til að auka skilvirkni og varna misnotkun við útgreiðslu félagslegra bóta. Verkefnið er innan framkvæmdaáætlunar Upplýsingasamfélagsins 2013–2017 og er haldið utan um það í velferðarráðuneytinu. Verkefnisstjórn hefur verið mynduð og er hún skipuð fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, Sjúkratrygginga Íslands, Vinnuálastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga auk fulltrúa frá ráðuneytinu. Verkefnisstjórn hefur unnið að undirbúningi fyrsta hluta verkefnisins en það er stöðu- og þarfagreining. Í því verkefni verður farið yfir starfsemi framangreindra aðila

Ný vinnuástaða fyrir sveitarstjórnarmenn var tekin í notkun á árinu. Vinnuherbergið ber nafnið „Fógetabúð“.



og þarfir þeirra fyrir frekari miðlun upplýsinga, og eftir atvikum samstarfsaðila að verkefninu. Ætlunin er að nýta niðurstöðu þeirrar greiningar til að undirbúa tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum til að auka heimildir til upplýsingamiðlunar.

Að frumkvæði félagsþjónustunefndar sambandsins hafa sérfræðingar lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins tekið saman yfirlit um grá svæði í velferðarþjónustu. Yfirlitið hefur verið sent ráðuneytum og nefndum Alþingis til kynningar. Í því koma fram gagnlegar vísbendingar um að hagræðing í rekstri ríkisins á undanförunum árum hafi aukið þrýsting á félagsþjónustu sveitarfélaga, auk þess sem tilfærsla þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga virðist ýta enn frekar undir þessa þróun. Sambandið hyggst m.a. beita sér fyrir því að yfirlitið fái umfjöllun í tengslum við endurskoðun laga um almannatryggingar og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Sambandið átti fulltrúa í starfsferð til Brussel í þeim tilgangi að fá fræðslu um félags- og atvinnumálastefnu ESB og sérstaklega hvernig sveitarstjórnarstigið kemur að innleiðingu hennar. Sérstök áhersla var lögð á málefni fatlaðs fólks.

Sambandið gerðist aðili að European Social Network - ESN á árinu og er með tengilið við verkefnið sem hefur tekið þátt í fundum og öðru samstarfi á þeim vettvangi.

Skólamál

Á árinu 2013 var komið á fót starfshópi skipuðum fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélagi Íslands og Félagi stjórnenda í leikskólum um

aðgerðaráætlun um innleiðingu aðalnámskráa fyrir leik- og grunnskóla og námskeiðahald því tengt. Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir fjölmennu málþingi um hæfnimiðað námsmat í nýjum námskrám á öllum skólastigum í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði og Háskólanum á Akureyri 30. ágúst 2013, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands. Haldnar voru vinnustofur vítt og breitt um landið á árinu, þar sem lögð var áhersla á að efla leiðtoga sem leitt geta breytingarstarf og skólanámskrárvinnu í sínum skóla/sinni heimabyggð. Vinnustofurnar voru sameiginlegar fyrir leik- og grunnskóla og var almenn ánægja með þær, þó þátttaka hefði mátt vera betri. Innleiðingu nýs námsmatskerfis hefur verið frestað um eitt ár.

Fulltrúar sambandsins hafa lagt á það áherslu á fundum með mennta- og menningarmálaráðherra, að ef ráðist verði í styttingu náms til stúdentsprófs sé rétt að skoða skipulag náms heildstætt frá leikskóla til framhaldsskóla. Jafnframt verði að tryggja að grunnskólanemendur öðlist þann rétt, sem kveðið er á um í lögum, að geta tekið áfanga í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi.

Þá hefur sambandið stutt óskir Garðabæjar um að taka við rekstri framhaldsskóla í tilraunaskyni. Sú ósk hefur ekki hlotið hljómgrunn en sambandið hefur tilnefnt fulltrúa í starfshóp til að meta fýsileika þess að sveitarfélagin taki við rekstri framhaldsskóla.

Forsvarsmenn menntavísindasviðs Háskóla Íslands hafa undanfarin tvö ár hitt skólamálanefnd sambandsins til að skiptast á skoðunum og er vilji til þess að halda því samstarfi áfram og ræða með skipulögðum hætti tiltekna þætti kennaranámsins og þróun þeirra sem og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Fundir undir yfirskriftinni „Rétt málsmeðferð – Öruggt skólastarf“ voru haldnir í öllum landshlutum á árinu 2013.



Sambandið hefur lagt á það áherslu á undanförunum misserum að hækka menntunarstig sem flestra starfsmanna í leikskólum, þ. á m. ófaglærðra, með fjölþættari námslokum en meistaraþráðu á háskólastigi, sem jafnframt gæfu tilgreind starfsréttindi og starfsheiti. Hefur Borgarholtsskóli í samvinnu við Verkmenntaskóla Austurlands fengið styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að undirbúa leikskólaliðanám á þriðja þrepi framhaldsskóla. Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur undirbúið námsbraut til tveggja ára diplómanáms, sem er mikilvægur áfangi í því að koma á þrepaskiptu námi í leikskólakennarafræðum. Viðræður fóru fram á árinu 2013 við aðildarfélög KÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytið um kynningu námsins. Einnig hefur verið rætt um hvernig tryggja megi starfsréttindi að loknu diplóma- og B.Ed.-gráðum.

Sambandið og Skólustjórafélag Íslands stóðu á árinu fyrir námskeiðum fyrir stjórnendur grunnskóla, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg, sem þóttu takast vel. Frekara námskeiðahald er fyrirhugað á komandi ári þar sem áhersla verður einkum lögð á ráðningar- og starfsmannamál.

Samstarf við Félag stjórnenda í leikskólum hefur m.a. verið um verkefni um eflingu leikskólastigsins, framtíðarsýn leikskólans, dag leikskólans og hljóðvist í skólahúsnæði. Frekara samstarf um þessi verkefni er fyrirhugað á árinu 2014.

Í febrúar 2013 var samþykkt bókun um að ráðist verði í úttekt á stefnunni um skóla án aðgreiningar og er það verkefni hafið í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kennarasamband Íslands. Viðræður hafa staðið yfir við KÍ og ráðuneytið um leiðir

til þess að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn fyrir leikskólastigið og mun verða unnið að því verkefni á árinu 2014.

Tekið var upp samstarf við Samtök iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Háskóla Íslands um GERT-verkefnið, Grunnmenntun efling í raunvísindum og tækni. Alls sóttu 16 grunnskólar um að taka þátt í verkefninu á yfirstandandi skólaári með áherslu á að efla tengsl atvinnulífs í nærumhverfi og skóla undir stjórn sérstaks verkefnisstjóra.

Fulltrúar sambandsins hafa tekið þátt í starfi stýrihóps og verkefnisstjórnar um framkvæmd þróunarverkefnis um ytra mat í grunnskólum. Á árinu 2014 verður unnið að því að festa verkefnið varanlega í sessi.

Tímabundið samkomulag sem undirritað var í maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun til tónlistarnáms rann út í lok ágúst 2013 án þess að samkomulag næðist um framlengingu þess. Greiðslur hafa þó áfram borist frá ríkinu og hefur þessi dráttur á framlengingu samkomulagsins því ekki valdið beinni röskun á starfsemi tónlistarskóla. Það er þó ljóst að framlag ríkisins er umtalsvert lægra en raunkostnaður við kennslu nemenda sem samkomulagið tekur til og hefur það leitt til alvarlegs hallareksturs tónlistarskóla. Ljóst er að finna þarf varanlega lausn á málinu og er ekki vilji til þess af hálfu sambandsins að semja árlega við ríkið um þetta málefni.

Fjórða Skólalæping sveitarfélaga fór fram 4. nóvember 2013 á Hilton Reykjavík Nordica hóteli. Alls sóttu þingið ríflega 200 manns og sífellt eykst hlutfall kjörinna fulltrúa og framkvæmdastjóra sveitarfélaga í þeim hópi. Megináhersla þingsins lá á „dönsku leiðinni“ svokölluðu en grundvallarendurskipulagning fer nú fram

Fundur var haldinn um hljóðvist í leikskólum í húsakynnum sambandsins.



á danska grunnskólakerfinu sem tekur gildi 1. ágúst 2014. Formaður danska skólustjórafélagsins, Anders Balle, var aðalræðumaður skólapingins. Mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði þingið og þinggestir tóku virkan þátt í umræðuhópum. Upptökur allra erinda sem og glærur fyrirlesara má sækja á upplýsingavef sambandsins.

Umhverfis- og skipulagsmál

Fulltrúar sambandsins tóku þátt í gerð frumvarps til laga um almenningssamgöngur. Frumvarpið er nánast tilbúið og hefur verið tekið tillit til ábendinga sambandsins um allmörg atriði. Lögfræðingar sambandsins hafa einnig aðstoðað landshlutasamtök sveitarfélaga eftir föngum við lausn ágreiningsmála, sem bæði lúta að brotum á einkarétti sveitarfélaga og öðrum álitafnum á sviði samkeppnisréttar, og fjárhagslegum þáttum verkefnisins.

Sambandið átti fulltrúa í starfshópi um endurskoðun vegalaga. Tólf fundir voru haldnir um málið á árinu og er verkefni starfshópsins langt komið. Undirhópur var einnig að störfum um gerð leiðbeininga um samráðsferli milli sveitarstjórna og Vegagerðar um vegi í skipulagi og var sú vinna langt komin í lok árs.

Fulltrúar sambandsins hafa tekið þátt í starfshópi um gerð reglugerðar um starfsemi slökkviliða. Starfshópurinn fundaði nokkuð þétt fyrri hluta ársins en hlé hefur verið á vinnunni síðan. Lögfræðingar sambandsins og fulltrúar Félags slökkviliðsstjóra hafa þó unnið áfram að sameiginlegum áherslum og var málið m.a. til umfjöllunar á aðalfundi Félags slökkviliðsstjóra í október.

Tveir fundir hafa verið haldnir í samráðshópi um gerð tillagna um náttúrupassa, en gjaldtaka af ferðamönnum til að fjármagna uppbyggingu ferðamannastaða var mikið til umfjöllunar á árinu 2013, m.a. á umhverfisþingi og fleiri ráðstefnum sem haldnar hafa verið um málefni ferðaþjónustunnar.

Með breytingu á reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs er söfnun hauggass ekki lengur ófrávíkjanleg, heldur fer eftir magni hauggass sem myndast, skv. útreikningum í leiðbeiningum um myndun hauggass frá Umhverfisstofnun. Fyrir fjögur sorpsamlög og sveitarfélög voru hauggasgildi reiknuð, fyrir þrjú eru þau undir þeim mörkum sem söfnun hauggass gerir ráð fyrir. Nokkur sorpsamlög og sveitarfélög fengu aðstoð vegna nýrra krafna í starfsleyfum um botn- og hliðarþéttingu urðunarstaða þar sem ekki var talið nauðsynlegt að þetta botn og hliðar samkvæmt ítrustu kröfum. Samstarf sveitarfélaga hefur aukist um lausnir á meðhöndlun dýraleifa og sláturúrgangs.

Fulltrúi sambandsins hefur tekið þátt í starfshópi um kostnaðarmat laga og reglugerða um úrgang. Langt er frá því að starfshópurinn kom síðast saman. Viðræður eru hafnar um að koma þessu verkefni í annan og markvissari farveg, með áherslu á að bæta upplýsingasöfnun og úrvinnslu gagna um úrgangsmál. Unnið er hjá sambandinu að kostnaðargreiningu sorpsöfnunar og -förgunar í sitt hvoru lagi úr hagtölum sveitarfélaga.

Kjaramál

Viðræður samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) við Kennarasamband Íslands, vegna Félags

Ráðstefna um málefni innflytjenda var haldin á Grand hóteli í júní.



grunnskólakennara (FG), héldu áfram í ársbyrjun 2013, án þess að kjarasamningur næðist saman.

Þann 15. febrúar undirrituðu aðilar hins vegar samkomulag um endurnýjaða viðræðuáætlun, sem gildir til 28. febrúar 2014 og á meðan ríkir friðarskylda. Viðræðuáætlunin inniheldur m.a. að Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara munu á gildistíma viðræðuáætlunarinnar, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Skólastjórafélag Íslands, standa að greiningu á framkvæmd stefnunnar „skóli án aðgreiningar“ og hvaða áhrif hún hefur á skólastarf. Sömu aðilar munu einnig efla samræður um hvernig staðið skuli að innleiðingu aðalnámskrár fyrir grunnskóla. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur lögfræði- og velferðarsvið borið hitann og þungan af greiningarvinnunni í samvinnu við kjarasvið sambandsins.

Haustið 2013 hófust viðræður aðila að nýju. Þrátt fyrir skýra framtíðarsýn og samningsmarkmið, sem fræðslufirvöld eru sammála um að muni stuðla að framþróun í grunnskólastarfi, hefur enn lítið þokast í þá átt að ná fram breytingum á kjarasamningi grunnskólakennara og þá sérstaklega hvað varðar vinnutímaskilgreiningar.

Í apríl og maí 2013 hélt kjarasvið 25 samráðsfundi með sveitarstjórnarmönnum og embættismönnum sveitarfélaga í öllum landshlutum. Tilgangur fundanna var að leita eftir sjónarmiðum þeirra varðandi framkvæmd kjarasamninga og áherslur í komandi kjaraviðræðum. Haldnir voru átta fundir með launafulltrúum, átta fundir með sveitarstjórnarmönnum, bæjarstjórum, framkvæmdastjórum, fjármálastjórum, starfsmannastjórum og mannauðsstjórum sveitarfélaga

og níu fundir um kjarasamning og starfsumhverfi grunnskólakennara með sveitarstjórnarmönnum, fræðslustjórum, skólastjórum, bæjarstjórum, framkvæmdastjórum, fjármálastjórum, starfsmannastjórum og mannauðsstjórum sveitarfélaga. Niðurstöðurnar hefur kjarasvið sambandsins nýtt við undirbúning samningastefnu stjórnar sambandsins og við undirbúning kjaraviðræðna ársins 2014.

Með samkomulagi 11. júní 2013 stofnuðu stærstu aðilar á vinnumarkaði samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK). Að nefndinni standa fern heildarsamtök launafólks, þ.e. ASÍ, BSRB, BHM og KÍ og vinnuveitendamegin SA, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Samstarfsnefndin hóf vinnu sína með því að leita í smiðjur systursamtaka aðila vinnumarkaðarins annars staðar á Norðurlöndunum. Fór sendinefnd samstarfsnefndarinnar í ferð til höfuðborga annarra norræna ríkja og safnaði upplýsingum sem kynntar voru í sérstakri skýrslu *Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum* og kom út í maí 2013.

Í framhaldinu var farið í ítarlega greiningarvinnu á launapróun á íslenskum vinnumarkaði frá árinu 2006 til 2013 og efnahagsumhverfi kjarasamninga. Skýrsla samstarfsnefndarinnar var kynnt og birt í október 2013. Við gerð skýrslunnar var leitað samstarfs við Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið og fleiri aðila um upplýsingar og úrvinnslu. Sú vinna sem unnin hefur verið á vegum samstarfsnefndarinnar skapar mikilvægan grundvöll kjaraviðræðna ársins 2014.

Starfsmatsteymi sambandsins ásamt framkvæmdanefnd um starfsmat í júní.



Á árinu 2013 voru haldnir nokkrir fundir með viðsemjendum um endurskoðun fræðslukafla kjarasamninga aðildarfélaganna BSRB og ASÍ. Vegna vinnu sem ólokið er í mennta- og menningarmálaráðuneyti um hæfniramma, tengingu hans við evrópskan hæfniramma og tillögur um staðsetningu námsloka á hæfnisprepi og einnig vegna umfangsmikillar samvinnu um þróun starfsmatskerfisins SAMSTARFS, ákváðu samningsaðilar að fresta þessari vinnu um sinn.

Að frumkvæði kjarasviðs sambandsins og í góðri samvinnu við Reykjavíkurborg var á árinu 2013 unnið að því að styrkja stoðir starfsmatsins, m.a. með því að fá ráðgjöf frá mannauðsráðgjafarfirmunum PILAT í Lundúnum, sem fer með höfundarrétt starfsmatskerfisins SAMSTARFS. Ráðgjafar PILAT heimsóttu Ísland í maí og héldu tveggja daga vinnustofu með ráðgjöf og þjálfun fyrir starfsmatsráðgjafa sambandsins og Reykjavíkurborgar og yfirmenn þeirra. Dagana 23. til 27. september 2013 stóð kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga og skrifstofa borgarstjóra og borgarritara Reykjavíkur, í samvinnu við PILAT, fyrir náms- og kynnisferð um starfsmatskerfið til Bracknell á Englandi. Tilgangur ferðarinnar var að fylgja eftir þeirri vinnu sem hófst með PILAT í maí. Alls tóku þátt í ferðinni 29 fulltrúar samstarfsaðila SAMSTARFS, þ.e. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, ASÍ, BHM og BSRB. Leiðbeinandi hópsins var Denis Crowe en auk þess fékk hópurinn heimsóknir frá fulltrúum sambands sveitarfélaga í Bretlandi og þarlendra sveitarfélaga og stéttarfélaga sem nota starfsmatskerfið.

Frá því í október 2013 hefur verið unnið að endurskipulagningu starfsmatsins. Lögð hefur verið áhersla á að vanda vel til verka og nýta reynslu þeirra sveitarfélaga sem eru í fararbroddi í Bretlandi, svo tryggt verði að

vinnubrögð við starfsmatið verði ávallt eins og best gerist í traustri samvinnu við stéttarfélögin. Í framhaldi af því aukna samstarfi sem tekið var upp við PILAT-fyrirtækið var ákveðið að leggja niður starfsmatsteymi sambandsins og kaupa starfsmatsþjónustuna af Reykjavíkurborg.

Starfsmannamál

Þær breytingar urðu á starfsmannahaldi sambandsins á árinu 2013, að Bára M. Eiríksdóttir gjaldkeri lét af störfum vegna aldurs 30. apríl eftir tæplega 35 ára starf hjá sambandinu og samstarfsstofnunum þess. Var af þessu tilefni efnt til samkomu, þar sem Bára var kvödd af samstarfsmönnum sínum með söng og hljóðfærslætti.

Í mars var ráðið í nýtt starf skjalastjóra sambandsins. Ráðin var Kolbrún Erna Magnúsdóttir, en hún hafði áður starfað sem skjalavörður hjá Akureyrarkaupstað. Með þessu nýja starfi eru bundnar vonir við að skjalavarsla sambandsins og samsstarfsstofnana þess komist, áður en langt um líður, í gott horf.

Í maí kom til starfa á lögfræði- og velferðarsviði Þóra Björg Jónsdóttir lögfræðingur. Á undanförunum árum hefur verið mikið álag á starfsmönnum sviðsins og var ráðning Þóru gerð til þess að dreifa álagi milli starfsmanna sviðsins.

Í desember 2013 voru starfsmenn á skrifstofu sambandsins alls 25 og einn að auki á skrifstofu sambandsins í Brussel, samtals í 25,8 stöðugildum.

Sundurgreining starfsmanna eftir störfum:

Málefni ferðaþjónustunnar tekur æ meiri tíma á skrifstofu sambandsins. Hér má sjá mannlífsmynd úr höfuðborginni.



	Alls	Konur	Karlar
Framkvæmdastjóri	1	0	1
Sviðsstjórar	5	2	3
Forstöðumaður Brussel-skrifstofu	1	1	0
Sérfræðingar	14	8	6
Almenn skrifstofustörf	5	5	0
Samtals	26	16	10

Skipting starfsmanna eftir sviðum:

	Alls	Konur	Karlar
Yfirstjórn	1	0	1
Rekstrar- og útgáfusvið	6	5	1
Hag- og upplýsingasvið	4	1	3
Kjarasvið	6	4	2
Lögfræði- og velferðarsvið	7	4	3
Þróunar- og alþjóðasvið	2	2	0
Samtals	26	16	10

Til gamans má geta þess að 22 þessara starfsmanna sambandsins búa á höfuðborgarsvæðinu, einn býr í Grindavík, einn í Þorlákshöfn, einn á Eyrarbakka og einn í Brussel í Belgíu.

Starfsmannafélag

Innan veggja sambandsins er starfandi starfsmannafélag, sem stofnað var snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Allir starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. eiga aðild að félaginu.

Starfsmannafélagið er ekki stéttarfélag, en hefur að megintilgangi að vinna að samheldni félagsmanna með aukinni kynningu og samstarfi þeirra í milli með ýmis konar félagsstarfi og skemmtunum og að láta í ljós virðingavott til félagsmanna við ýmis tækifæri

Á árinu 2013 var starfsemi félagsins mjög öflug, eins og reyndar endranær. Nánast alla mánuði ársins bauð félagið upp á viðburði af ýmsu tagi. M.a. var sú nýbreytni innleidd að efnt var til gönguferða, annað hvort síðdegis eða að kvöldi til, í hinum ýmsu hverfum höfuðborgarsvæðisins og Grindavíkur.

Aðrir viðburðir voru árshátíð, páskaeggjaleit, spurningaleikurinn SambandsQuiz, orlofsferð til Berlínar, spáleikir fyrir kosningar og Evróvisjón, farið var í sjóstangveiði út á Sundin blá, leikhúsferð, jólaskreytingarkeppni var haldin í desember og síðast en ekki síst óvissuferð um suðvesturhluta landsins sem farin var í október og þótti takast mjög vel.

Núverandi stjórn starfsmannafélagsins skipa þau Ingibjörg Hinriksdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Valur Rafn Halldórsson, en stjórnin er kjörin til tveggja ára í senn.

Bára Eiríksdóttir, bókari sambandsins, lét af störfum á árinu 2013. Hér kveðja samstarfsmenn hana með söng.



Starfsmenn sambandsins í desember 2013

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri
Benedikt Valsson hagfræðingur
Berglind Eva Ólafsdóttir starfsmatssérfræðingur
Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur
Guðrún A. Sigurðardóttir starfsmatssérfræðingur
Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur

Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri
Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi
Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur
Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur
Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi
Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur
Þóra Björg Jónsdóttir lögfræðingur

Hag- og upplýsingasvið:

Gunnlaugur A. Júlíusson sviðsstjóri
Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur
Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur
Valur Rafn Halldórsson sérfræðingur

Rekstrar- og útgáfusvið:

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri
Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi
Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri
Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri
Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari
Þóra Helgadóttir, bókarari og launafulltrúi

Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri
Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-
skrifstofu

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, kom færandi hendi með ís frá Kjörís á skrifstofuna í júlí.



Stjórn og nefndir í desember 2013

Stjórn sambandsins:

Halldór Halldórsson formaður, Norðvesturkjörsvæði
Björk Vilhelmsdóttir, Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg
Júlíus Vífill Ingvarsson, Reykjavíkurborg
Guðríður Arnardóttir varaformaður, Suðvesturkjörsvæði
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjörsvæði
Elín R. Líndal, Norðvesturkjörsvæði
Eiríkur Björn Björgvinsson, Norðausturkjörsvæði
Gunnlaugur Stefánsson, Norðausturkjörsvæði
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjörsvæði
Jórunn Einarsdóttir, Suðurkjörsvæði

Kjaramálanefnd:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Guðríður Arnardóttir, Kópavogsbæ
Gunnar Jónsson, Fjarðabyggð
Halla Margrét Tryggvadóttir, Akureyrarkaupstað
Atli Atlason, Reykjavíkurborg

Félagsþjónustunefnd:

Aðalsteinn Sigfússon, Kópavogsbæ
Guðrún Sigurðardóttir, Akureyrarkaupstað
Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, Sandgerðisbæ
Stella K. Víðisdóttir, Reykjavíkurborg

Skipulagsmálanefnd:

Drífa Kristjánsdóttir, Bláskógabyggð
Elín R. Líndal, Húnaþingi vestra
Páll Guðjónsson, SSH
Páll Hjaltason, Reykjavíkurborg
Pétur Bolli Jóhannesson, Akureyrarkaupstað

Skólamálanefnd:

Gunnar Einarsson, Garðabæ
Helga Guðmundsdóttir, Fljótshádegisbæ
Karl Frímansson, Akureyrarkaupstað
Kristín Hreinsdóttir, SASS
Ragnar Þorsteinsson, Reykjavíkurborg

Siðanefnd

Sigurður Kristinsson formaður
Erling Ásgeirsson varaformaður
Anna Guðrún Björnsdóttir

Björk Vilhelmsdóttir bauð starfsmönnum í Höfða við upphaf óvissuferðar sem farin var um Suðurland í október.





**Ársreikningur
Sambands íslenskra sveitarfélaga
2013**

Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 74 að tölu, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 416,8 m.kr. á árinu 2013 en rekstrargjöld 403,5 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 13,3 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 15,0 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 284,3 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 19,9 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 25,5.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2013 nema 163,4 m.kr. en skuldir námu 16,4 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 146,9 m.kr. í árslok 2013.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2013 er gefinn út hinn 28. janúar 2014 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins.

Reykjavík 28. janúar 2014.

Framkvæmdastjóri:
Karl Björnsson (m.e.h.)

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:
Magnús Karel Hannesson (m.e.h.)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík 28. febrúar 2014

Halldór Halldórsson (m.e.h.)

Dagur B. Eggertsson (m.e.h.)
Björk Vilhelmsdóttir (m.e.h.)
Haraldur Sverrisson (m.e.h.)
Eiríkur Björn Björgvinsson (m.e.h.)

Júlíus Vífill Ingvarsson (m.e.h.)
Gunnar Axel Axelsson (m.e.h.)
Elín R. Líndal (m.e.h.)
Aldís Hafsteinsdóttir (m.e.h.)

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits Sambands íslenskra sveitarfélaga. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 28. febrúar 2014.

KPMG ehf.

Auðunn Guðjónsson (m.e.h.)

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2013 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 24. febrúar 2014.

Sandra Dís Hafþórsdóttir (m.e.h.)

Steinþór Einarsson (m.e.h.)

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	Ársreikningur 2013	Fjárhagsáætlun 2013	Ársreikningur 2012
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		309.625.030	307.400.000	291.462.739
Framlag Bakhjarls sambandsins		0	9.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta		85.322.240	77.668.000	73.290.451
Aðrar tekjur		21.889.579	18.350.000	29.634.348
	11	<u>416.836.849</u>	<u>412.418.000</u>	<u>394.387.538</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	12	284.316.872	291.016.000	271.199.654
Annar rekstrarkostnaður	13	117.025.165	113.444.000	99.857.035
Afskriftir	15	2.176.493	2.176.000	2.176.493
		<u>403.518.530</u>	<u>406.636.000</u>	<u>373.233.182</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>13.318.319</u>	<u>5.782.000</u>	<u>21.154.356</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		1.701.948	880.000	955.885
Vaxtagjöld		(31.608)	(5.000)	(1.904)
Arður			17.000	17.500
Hækkun (lækkun) sjóða í fjárvörslu	16	21.014	(2.500.000)	(4.953.292)
		<u>1.691.354</u>	<u>(1.608.000)</u>	<u>(3.981.811)</u>
Afkoma ársins	18, 22	<u>15.009.673</u>	<u>4.174.000</u>	<u>17.172.545</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir		Skýr.	2013	2012
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.	6, 15		89.753.341	91.929.834
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Hlutabréfaeign	7		120.711	120.711
Fjárvörslureikningur	8, 16		2.123.156	2.935.962
			<u>2.243.867</u>	<u>3.056.673</u>
Fastafjármunir samtals			<u>91.997.208</u>	<u>94.986.507</u>
Veltufjármunir:				
Óinnheimtar tekjur			20.492.590	14.598.089
Ýmsar skammtímaskröfur			24.118.971	17.949.561
Handbært fé	9		26.745.009	67.162.699
Veltufjármunir samtals			<u>71.356.570</u>	<u>99.710.349</u>
Eignir samtals			<u><u>163.353.778</u></u>	<u><u>194.696.856</u></u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé:				
Eiginfjárreikningur	18		146.918.339	176.908.666
Skammtímaskuldir:				
Viðskiptaskuldir			2.479.338	4.544.771
Aðrar skammtímaskuldir			13.956.101	13.243.419
			<u>16.435.439</u>	<u>17.788.190</u>
Skuldir samtals			<u>16.435.439</u>	<u>17.788.190</u>
Eigið fé og skuldir samtals			<u><u>163.353.778</u></u>	<u><u>194.696.856</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2013, en lífeyrisskuldbindingar sambandsins eru færðar í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn. Samkvæmt fjárhagsáætlun voru á árinu 2013 fluttar 45,0 m.kr. frá sambandinu til Bakhjarls og færðar til lækkunar á eigin fé sambandsins, sbr. skýringu 18.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 14 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,70% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,70% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga. Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign 50 ár

Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Eignarhluti í félagi

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

Fjárvörslureikningur

- 8 Fjárvörslureikningur í fjármálastofnun er færður til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt markaðsvirði í árslok.

Handbært fé

- 9 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar frh.

Fjárhagsáætlun

- 10 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2013 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum.

Rekstrartekjur

- 11 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2013	Fjárhagsáætlun 2013	Ársreikningur 2012
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	309.625.030	307.400.000	291.462.739
Framlag Bakhjarls til sambandsins	0	9.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög	50.545.444	46.340.000	45.327.473
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	9.474.700	6.392.000	7.365.500
Bækur, o.fl.	2.448.424	2.566.000	2.469.622
Samstarfsstofnanir	22.853.672	22.370.000	18.127.856
	85.322.240	77.668.000	73.290.451
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir	3.250.000	350.000	9.985.000
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	17.747.267	18.000.000	19.649.348
Styrkir og endurgreiðslur	892.312	0	0
	21.889.579	18.350.000	29.634.348
Rekstrartekjur samtals	416.836.849	412.418.000	394.387.538

Starfsmannamál

- 12 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2013	Fjárhagsáætlun 2013	Ársreikningur 2012
Laun	229.128.815	234.365.000	218.082.261
Launatengd gjöld	55.188.057	56.651.000	53.117.393
	284.316.872	291.016.000	271.199.654
Ársverk starfsmanna	25,5	25,2	25,4

Annar rekstrarkostnaður

	Ársreikningur 2013	Fjárhagsáætlun 2013	Ársreikningur 2012
13 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Vörukaup	33.124.352	25.503.000	18.648.648
Þjónustukaup	81.109.959	84.598.000	74.940.061
Skattar og opinber gjöld	2.175.817	1.989.000	1.918.252
Styrkir og framlög	615.038	1.354.000	4.350.075
Annar rekstrarkostnaður samtals	117.025.166	113.444.000	99.857.036

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 14 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 126,0 m.kr. á árinu 2013 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis	19.788.464	10.655.327	30.443.791
Annar sameiginlegur kostnaður	80.409.323	15.169.668	95.578.991
Samtals	100.197.787	25.824.995	126.022.782
Hlutfall	79,5%	20,5%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 15 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1. 2013	108.824.660
Afskrifað áður	(16.894.826)
Bókfært verð 1.1. 2013	91.929.834
Afskrifað á árinu	(2.176.493)
Bókfært verð 31.12. 2013	89.753.341
Stofnverð 31.12. 2013	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12. 2013	(19.071.319)
Bókfært verð 31.12. 2013	89.753.341
Afskriftarhlutfall	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 91,5 m.kr. í árslok 2013.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 143,3 m.kr. á sama tíma.

Áhættufjármunir og langtímakröfur

- 16 Fjárvörslureikningur hjá Íslenskum verðbréfum hf. greinist þannig:

Eign 1.1.2013	2.935.962
Innleyst sjóðsbréf	(833.820)
Hækkun verðbréfaeignar	21.014
Eign 31.12.2013	2.123.156

Skammtímakröfur

- 17 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 44,6 m.kr. í árslok 2013. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Skýringar frh.

Eigið fé

18	Eigið fé greinist þannig:	
	Eigið fé 1.1. 2013	176.908.666
	Afkoma ársins	15.009.673
	Framlag til Bakhjarls sambandsins	(45.000.000)
	Eigið fé 31.12. 2013	<u>146.918.339</u>

Lykiltölur

19	Helstu lykiltölur:	2013	2012
	Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum	4,34	5,61
	Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	89,9%	90,9%

Kjarasvið - kjaramál

- 20 Á XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanevnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanevndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélagin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Starfsmat:			
Laun	15.321.142	15.732.000	14.977.070
Launatengd gjöld	3.715.901	3.817.000	3.650.619
Vörukaup	589.547	420.000	403.568
Þjónustukaup	5.018.846	471.000	396.208
Samtals kostnaður	<u>24.645.436</u>	<u>20.440.000</u>	<u>19.427.465</u>
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(24.645.436)	(20.440.000)	(19.427.465)
Samtals	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs	20.000.004	20.000.000	20.000.004
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(20.000.004)	(20.000.000)	(20.000.004)
Samtals	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
21 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:			
	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Staða í ársbyrjun	13.721.602	13.721.602	11.081.609
Starfsmat, sbr. skýringu 20	24.645.436	20.440.000	19.427.465
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 20	20.000.004	20.000.000	20.000.004
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu	<u>(38.403.438)</u>	<u>(38.200.000)</u>	<u>(36.787.476)</u>
Staða í árslok	<u>19.963.604</u>	<u>15.961.602</u>	<u>13.721.602</u>

Skýringar frh.

Sundurliðun rekstrarreiknings

22 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegar tekjur				
Framlag jöfnunarsjóðs	0	309.625	(309.625)	(307.400)
Framlag Bakhjarls sambandsins	0	0	0	(9.000)
Samtals	0	309.625	(309.625)	(316.400)
Yfirstjórn				
Landsþing	1.587	0	1.587	1.845
Sambandsstjórn	25.499	0	25.499	27.428
Siðanefnd	0	0	0	1.462
Endurskoðun og reikningsskil	1.377	0	1.377	1.307
Aðrar nefndir og sérverkefni	1.875	350	1.525	4.391
Innlent samstarf	1.265	0	1.265	1.110
Norrænt samstarf	397	0	397	534
Fulltrúaráð CEMR	1.925	0	1.925	1.814
Sveitastjórnarvettvangur EFTA	735	0	735	890
Annað erlent samstarf	736	0	736	457
Samtals	35.396	350	35.046	41.238
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins	99.301	18.892	80.409	81.455
Samtals	99.301	18.892	80.409	81.455
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins	43.773	1.680	42.093	42.892
Upplýsingaveita sveitarfélaga	1.650	0	1.650	1.660
Skólavogin	473	0	473	411
Samtals	45.896	1.680	44.216	44.963
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins	47.923	20.000	27.923	28.761
Starfsmat	24.645	24.645	0	0
Kjaramálanefnd	661	0	661	690
Samtals	73.229	44.645	28.583	29.451
Þróunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins	15.949	0	15.949	16.802
Brussel-skrifstofa	17.986	17.747	239	0
Samtals	33.936	17.747	16.189	16.802

22 framhald

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Lögfræði og velferðarsvið				
Sérkostnaður sviðsins	62.597	2.782	59.815	62.501
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum	12.115	9.192	2.923	6.413
Félagsþjónustunefnd	537	0	537	754
Skipulagsmálanefnd	815	0	815	816
Skólamálanefnd	775	0	775	1.278
Verkefni um ytra mat skóla	306	0	306	0
Samtals	77.144	11.974	65.170	71.762
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur	7.938	8.977	(1.038)	0
Námskeið	748	498	250	0
Samtals	8.686	9.475	(789)	0
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál	3.277	0	3.277	3.220
Árbók sveitarfélaga	1.317	1.815	(499)	(629)
Rit til endursölu	1.074	633	441	(26)
Upplýsingavefur sambandsins	1.454	0	1.454	2.131
Önnur fræðslu- og kynningarrit	374	0	374	1.000
Samtals	7.495	2.448	5.047	5.696
Hlutdeild í rekstri húsnæðis				
Borgartún 30	30.444	0	30.444	25.749
Hlutdeild samstarfsstofnana	(10.655)	0	(10.655)	(9.012)
Samtals	19.788	0	19.788	16.737
Sameiginlegur kostnaður				
Afskriftir	2.176	0	2.176	2.176
Staðgr. fjármagnstekjuskattur	340	0	340	183
Þjónustugjöld banka	131	0	131	155
Samtals	2.648	0	2.648	2.514
Alls rekstur				
	403.519	416.837	(13.318)	(5.782)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.	0	1.702	(1.702)	(880)
Tekjur af eignahlutum	0	0	0	(17)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.	32	0	32	5
Breytingar á fjárvörslureikningum	0	21	(21)	2.500
Samtals	32	1.723	(1.691)	1.608
Alls	403.551	418.560	(15.009)	(4.174)

